

# EFTIRLITSSKÝRSLA

ORF Líftækni ehf Reykir



Dags eftirlits	13.11.2013	Fulltrúi UST	Ásgeir Björnsson
Fyrirtæki	ORF Líftækni ehf	Fulltrúi UST	
Heimili	Víkurhvarfi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	420201-3540	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Ásta Agnes Jóhannesdóttir	ÍSAT nr.	01.10.1
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik voru frá settum leyfisskilyrðum. Athugasemdir voru gerðar við þrjú atriði.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fólst í vettvangsskoðun og yfirferð gátlista.

### Umhverfi:

Snjóþekja var á jörðinni og því ekki leitað byggplantna í nánast umhverfi.

### Afmörkunarráðstafanir:

Öryggiskerfi, úrgangur, frárennsli, ástand á gróðurhúsi og dýravarnir voru athugaðar.

Farið var yfir ábendingu til Umhverfisstofnunar frá 22. janúar sl. um að dyr væru ólæstar inn í ræktunarklefa fyrir erfðabreytt bygg í gróðurhúsinu. Samkvæmt umsjónarmanni starfstöðvarinnar eru dyrnar ávallt læstar þegar hann er ekki þar við störf. Ef dyrnar hafi verið ólæstar er annaðhvort um mannleg mistök að ræða eða hann hafi verið við störf í gróðurhúsinu. Ofangreind skýring er sú sama og Umhverfisstofnun fékk við fyrirspurn til Orf í kjölfar ábendingarinnar.

Dyr á ræktunarklefa eru merktar með blaði sem upplýsir að þar fari fram ræktun á erfðabreyttu byggi. Það þarf að uppfæra tengiliðaupplýsingar á því blaði, þar sem nýr starfsmaður hefur tekið við sem umsjónarmaður ræktunarklefans.

Klefinn er vaktaður með Securitas öryggiskerfi, með tvo hreyfiskynjara. Kerfið er sett á vörð í lok starfsdags.

Úrgangi er safnað í poka og geymdur inni í ræktunarklefanum þar til gámur fyrir móttöku hans kemur á ca. 4 mánaða fresti.

Bæði frárennsli ræktunarklefans voru með fínmöskva víraneti til að hindar að fræ komist þá leiðina út í umhverfið.

Umsjónarmaður starfstöðvarinnar var ekki með skófatnað til skiptana fyrir störf í ræktunarklefanum, eingöngu plastsokka. Lagt var til að hann notaði stígvéli til skiptana.

Engar skemmdir hafa orðið á gróðurhúsinu síðasta árið. Tvær þéttar dyr eru inn í ræktunarklefan, sem eru ávallt lokaðar og því ekki talin þörf á músagildrum eða eitrun. Net er notað sem vörn gegn komu fugla um loftunarglugga í þaki.

### Skráningar; skýrslur, handbækur og áætlanir:

Skráning ræktunarinnar er öll rafræni. Umsjónarmaður starfstöðvarinnar er með vinnudagbók sem hann gaf afrit af. Í samræmi við skilyrði um innra eftirlit leyfisins var eftirlit með því hvort erfðabreyttar lífverur fyndust utan við gróðurhúsið. Engar byggplöntur fundust utan við gróðurhús við það eftirlit. Umsjónarmaður var ekki með handbæra viðbragðsáætlun, áætlun gegn útbreiðslu erfðabreyttra lífvera eða starfsleyfi á starfstöð. Við eftirlit síðasta árs var viðbragðsáætlun ekki til staðar í starfstöð.

## Frávik frá

## Lýsing á frávikum

### ATHUGASEMDIR

Uppfæra ber tengiliðaupplýsingar á upplýsingablaði á dyrum ræktunarklefans (aths 1). Gerð er athugasemd við að umsjónarmaður starfstöðvar var ekki með sérstakan skófatnað til skiptana fyrir vinnu í ræktunarklefa (aths 2). Einnig er gerð athugasemd við að umsjónarmaðurinn var ekki með handbæra viðbragðsáætlun, áætlun gegn útbreyðslu erfðabreyttra lífvera og afrit af starfsleyfi (aths 3).

### ANNAÐ

Eftirlitið hófst kl. 12:30 þann 13. nóvember sl. í tilraunagróðurhúsi LBHÍ að Reykjum. Starfsmaður ORF Líftækni hf. fór

með eftirlitsfulltrúa Umhverfisstofnunar í vettvangsskoðun. Umsjónarmaður starfsstöðvar var viðstaddur. Í kjölfarið var farið yfir gátlista fyrir eftirfylgni við sett leyfisskilyrði. Eftirliti lauk kl. 13:15.

Reykjavík, 16.01.2014



Ásgeir Björnsson

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.